

7. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, aukafundur. Végarði , 30.10 2018, kl. 13:30

Mættir: Jóhann F. Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir , Eiríkur J. Kjerúlf og Lárus Heiðarsson. Einnig voru mætt Steingrímur Karlsson og Arna Bjarnadóttir frá Óbyggðasetri vegna dagskrárliðar númer 1. Og vegna dagskrárliðar 2 mættu kl. 14:30, Sigurður K. Samúelsson, Andri V. Pálsson og Magnús Guðmundsson frá 4x4 og Hallgrímur Þórhallsson gangnastjóri í Rana og tengiliður við 4x4.

Oddviti setti fund bauð gesti velkomna og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Óbyggðasetur
 2. Fjallaskarð
 3. Umsóknir um rekstur gistihúsa og tjaldsvæðis við Végarð
 4. Önnur mál
1. Óbyggðasetur

Rætt um gildandi þjónustusamning sem rennur út um næstu áramót og verkefni honum tengd. Óbyggðasetrið í samvinnu við Fljótshrepps stóð fyrir málþingi um ferðaþjónustu í Fljótshreppi var haldinn í apríl 2017 og þótti heppnast vel og gefa af sér afrakstur til frekari vinnu. Denni og Arna hafa unnið skýrslu um ferðaleiðir í Fljótshreppi og kynntu hana fyrir sveitarstjórn og upplýstu jafnframt um starfsemi setursins í ár , framkvæmdir sem unnið er að og framtíðarsýn með að þróa safnahlutann frekar. Þá fer talsverður tími og orka í að kynna og markaðssetja setrið og um leið svæðið s.s með þátttöku í ferðasýnum og móttöku ferðaskrifstofa og ferðaþjónustuaðila. Óbyggðasetrið er komið með ferðaskrifstofuleyfi. Arna kynnti umsögn SAF félaga á Austurlandi um frumvarp til laga um Ferðamálastofu, þar sem vakin er athygli á brotalömunum er varða aðila sem starfa í gististarfsemi án leyfis .Þá kemur fram í umsögninni það álit að reglum um gististarfsemi á grundvelli 90 daga reglu sé ábótavant. Hvatt er til að eftirlit sé eflt og átak gert í eftirliti með leyfislausum gistiaðilum.

Arna og Steingrímur þökkuð koman og yfirlit þau fundinn um 14:40

Sveitarstjórn er sammála um að starfsemi setursins hafi eflst og dafnað og sé mikilvægur þáttur í menningar-og atvinnulífi í Fljótshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir að samningur á milli Fljótshrepps og Óbyggðaseturs verði endurnýjaður til 2ja ára og árlegar greiðslur verði 2,5 milljónir á ári. Stefnt er að því að endurnýjaður samningur verði undirritaður í desember.

2. Fjallaskarð

Fram kom að Sigurður er að taka við hlutverki Magnúsar sem umsjónarmaður í Fjallaskarði. Farið var yfir stöðu mála. Til stendur að rífa A húsið og setja upp gám í staðinn á næsta ári,

framkvæmdir sem áætlað var að væri lokið, en hafa dregist. Ýmsu viðhaldi hefur verið sinnt og annað á verkefnaskrá næsta árs.

Fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4 og Hallgrími Þórhallssyni þökkun koman og yfirgáfu þeir fundinn 15:30.

3. Umsóknir um rekstur gistihúsa og tjaldsvæðis við Végarð

Í umræðu um gistihúsin benti Anna Jóna á að gistihúsið þyrfti að eignast eigið nafn. Einnig var rætt um leiguverð, horfur í þróun ferðaþjónustu og að til framtíðar litið var sveitarstjórn sammála um að gistihúsin verði seld.

Oddviti opnaði og kynnti 2 tilboð sem bárust í reksturinn og voru þau frá Fljótsdalsgrund ehf og Guðbjörgu Pálsdóttur og Herði Guðmundssyni. Að auki barst ein fyrirspurn.

*Oddviti lýsti yfir vanhæfi vegna tengsla við annan umsækjanda og vék af fundi.
Varaoddviti tók við fundarstjórn*

Samþykkt að varaoddviti gangi til viðræðna við Guðbjörgu og Hörð sem áttu hærra tilboðið.

Oddviti kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn

Eiríkur fór af fundi 17:10

4. Önnur mál

Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019.

Oddviti sagði frá því að sveitarfélagið hefði sent inn um umsókn vegna byggingar þjónustuhúss við Hengifossá og Highland Hostel ehf sem leigir mannvirki í Laugarfelli til reksturs ferðaþjónustu, ætla að sækja um í sjóðinn vegna uppbyggingar á sturtu og klósettaðstöðu fyrir laugargesti. Fljótsdalshreppur verður tilgreindur samstarfsaðili í þeirri umsókn. Oddviti falið að skrifa undir skjöl er varða umsögn sveitarfélagsins og upplýst samþykki.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17:50

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)